

**Sp. 610. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]**

um verðtryggingu o.fl.

Flm.: Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson,  
Júlíus Sólnes, Óli P. Guðbjartsson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema lánskjaravísitölu eða endurskoða nú þegar grundvöll verðtryggingar lána og verðbóta á laun í þjóðfélaginu, þannig að breytingar, sem kunna að verða, mælist eftir sömu aðferðum og fylgist að.

**G r e i n a r g e r ð .**

Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar síðsumars 1983 var hækkun launa, sem þá átti að koma til framkvæmda, skert verulega með bráðabirgðalögum. Í kjarasamningum, sem fylgdu í kjölfarið, var óheimilt að binda laun við vísitölu sem hafði þær afleiðingar að kaupmáttur launatekna rýrnaði verulega árið 1984. Á sama tíma var vísitala lánskjara látin halda sér, þannig að misvægi myndaðist á milli hækkana á launum og þeim verðtryggðu fjárskuldbindingum sem launafólk hafði stofnað til. Þetta misgengi kom hart niður á íbúðakaupendum, svo og öðrum sem hefðu tekið verðtryggð lán fyrir þessar efnahagsaðgerðir. Í mörgum tilvikum hefur fólk enn ekki náð að rétta við hag sinn vegna þessara harkalegu aðgerða og margir misst íbúðir sínar á nauðungaruppboðum. Þetta misgengi hefur enn ekki fengist leiðrétt. Kemur þetta glögglega fram í eftirfarandi töflu sem sýnir þróun verðlags, þ.e. byggingarvísitölu, kaupgjaldsvísitölu eða kauptaxtavísitölu og launavísitölu á Íslandi frá því að lánskjaravísitalan var lögleidd og tekin upp í júlí 1979.

**Þróun verðlags á Íslandi 1979–1987.**

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Lánskjaravísitala . . . . .	100	180	245	359	656	885	1144	1448	1687
Byggingarvísitala . . . . .	100	158	239	370	672	786	1037	1294	1534
Launavísitala . . . . .	100	152	232	353	558	716	947	1215	1598
Kaupgjaldsvísitala . . . . .		152	228	336	530	604	785	968	

Á þeim átta árum, sem eru liðin síðan lánskjaravísitalan var tekin í notkun, hefur hún rúmlega átjánfaldast. Byggingarvísitalan hefur rúmlega sextánfaldast. Á sama tíma hefur verðgildi bandarísks dals ellefufaldast og dönsku krónunnar níufaldast.

Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólguþálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki. Enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki miklu hagstæðari. Jafnvel meðan laun voru vísitölubundin tókst ekki að halda jafnvægi þannig að hækkun launa héldist í hendur við hækkun lánskjara. Launafólk getur því vart búist við að verða nokkru sinni ofan á í baráttunni við lánskjaravísitöluna. Það gekk ekki í mesta góðæri sem landsmenn hafa búið við. Varla gengur það betur þegar aftur harðnar í ári.

Nú eru ýmsar blikur á lofti þrátt fyrir mikla bjartsýni núverandi stjórnarflokka á því að hinar umfangsmiklu breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs samfara svokallaðri einföldun á skattkerfinu eigi eftir að skila þeim árangri að lækka vexti og verðbólgu. Allt bendir raunar til þess að verðbólga sé að fara á fullt skrið aftur og misgengi lánskjara og launa muni enn versna.

Sú víxlhækkun launa og verðlags, sem stafar af vísitölubindingu, er af flestum talin óæskileg. Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess að almenningur beri áfram þær byrðar sem fylgja verðtrygðum fjárskuldbindingum en óverðtrygðum launum. Verðtrygging sumra þátta efnahagskerfisins, en annarra ekki, skapar ójafnvægi sem er óeðlilegt og hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga, fyrirtæki og atvinnulífið í heild.

Af framansögðu er ljóst að kominn er tími til fyrir stjórnvöld að taka afstöðu til þess hvort meginþættir efnahagskerfisins, svo sem laun og lánskjör, skulu bundnir við sömu vísitölu eða lánskjaravísitala verði afnumin. Er ekki heppilegra að nota vísitölur í þeim tilgangi einum að sýna hvert sé ástand hinna ýmsu þátta í efnahagskerfinu, en þær hafi ekki að öðru leyti nein bein áhrif til hækkunar eða lækkunar launa og lánskjara.

Verði lánskjaravísitala lögð niður, sem að mati flutningsmanna er æskilegri niðurstaða, er nauðsynlegt að fara aðrar leiðir til þess að tryggja bæði hagsmuni sparifjáreigenda, lánveitenda og lántakenda. Í greinargerð með frumvarpi til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, sem þingmenn Borgaraflokksins lögðu fram í efri deild Alþingis síðastliðið haust, eru settar fram nokkrar nýjar hugmyndir í þessu sambandi.